# „ÉG RÉÐ EKKI

**Björgólfur Thor Björgólfsson** fjárfestir segir að hann hafi ekki ráðið við hraðann sem einkenndi líf hans fyrir efnahagshrunið og að hann hafi skort yfirsýn. Hann segist ætla að greiða skuldir sínar til fulls og vera í persónulegum ábyrgðum við íslensk og erlend fjármálafyrirtæki. Björgólfur segist eiga aflandsfélög sem eigi fjármuni og eignir. Björgólfur vinnur að skuldauppgjöri sínu og er staðráðinn í að endurheimta mannorð sitt.

Hér á eftir fara spurningar blaðamanns DV til Björgólfs Thors og í kjölfarið svör fjárfestisins. Viðtalið við Björgólf Thor fór fram í gegnum tölvupóst dagana 2. og 3. júní og var fyrirvari Björgólfs því stuttur. Björgólfur Thor er í London þessa dagana þar sem hann er búsettur og vinnur hann nú að skuldauppgjöri sínu.

**DV:** *Hver var aðkoma þín að stjórn Landsbankans, útlánum til félaga sem voru í þinni eigu, föður þíns eða tengdra aðila? Formleg ábyrgð þín var ekki mikil, þú vannst ekki hjá bankanum eða sast í stjórn hans, en spurningin er sú hvort þú hafir verið það sem kallast „skuggastjórnandi bankans". Hvort þú hafir í reynd stýrt bankanum í gegnum stjórnendur bankans á sams konar hátt og til dæmis Jón Ásgeir gerði í Glitni en dæmi um slíka stjórnunarhætti Jóns er að finna í stefnum sem skilanefnd og slitastjórn hafa gefið út á hendur Jóni og tengdum aðilum. Ef þú hefur verið slíkur skuggastjórnandi má ætla að skilanefnd Landsbankans muni greina frá því á næstu mánuðum að fundist hafi sannanir um slíkt í athugun Deloitte á starfsemi Landsbankans. Getur þú lýst aðkomu þinni að stjórnun Landsbankans og lánveitingum til þín og þinna félaga?*

**BTB:** „Aðkoma mín að stjórnun Landsbankans var engin. Ábyrgð mín á rekstri Landsbankans var engin, þar sem ég átti aldrei sæti í stjórn hans né starfaði á nokkurn hátt innan hans. Lán til fyrirtækja sem tengdust mér voru afgreidd af stjórnendum bankans og voru eftir því sem ég best vissi á sömu forsendum og lán til annarra stórra viðskiptavina bankans. Flest eftirstandandi lán sem tengjast mér í Landsbankanum tengjast yfirtöku félaga minna á Actavis sumarið 2007 og hlutafjáraukningu í því félagi á vormánuðum 2008. Þau lán eru lítill hluti lána vegna þeirra viðskipta en langstærstur hluti var fjármagnaður af alþjóðlega bankanum Deutsche Bank. Hafa verður í huga að umrædd viðskipti voru stærstu viðskipti Íslandssögunnar og alls ekki óeðlilegt að íslenskir bankar tækju þátt. Einnig er rétt að fram komi að allt fram til ársins 2008 sóttust íslenskir bankar eftir viðskiptum við mig og fyrirtæki sem ég tengdist. Ástæða þess að bankarnir voru oft fúsir að taka þátt í verkefnum með mér var sú staðreynd, að ég stóð í viðskiptum með raunverulegar eignir, sem oftast nær skiluðu góðum hagnaði og þar með innstreymi fjármuna til Íslands. Ég seldi ekki vildarvinum eignir til þess eins að kaupa þær á hærra verði aftur svo eignastaðan í bókhaldinu liti betur út. Hjá mér eru engin dæmi um slík sýndarviðskipti og hringekjur.

Ég stjórnaði Landsbankanum því hvorki beint né óbeint og var með engum hætti einhverskonar „skuggastjórnandi". Reyndar er ekkert slíkt hugtak til í íslenskum lögum, hvað þá skilgreining á því og enn síður hugsanleg refsing við þeirri óskilgreindu hegðun. Hins vegar er hugtakið þekkt erlendis og tekur þá almennt til aðila sem taka ákvarðanir um atriði sem falla ættu undir stjórnendur félags, gefa þeim fyrirmæli þar að lútandi og þeir fara kerfisbundið eftir. Ég hef engar slíkar ákvarðanir tekið eða fyrirmæli gefið til stjórnenda Landsbankans. Aðkoma mín að stjórnun bankans var því alls engin, hvorki formleg né óformleg og ég kvíði ekki úttekt Deloitte.

Rétt er að taka fram að í lok september og byrjun október 2008 var faðir minn frá störfum sem formaður bankaráðs Landsbankans af persónulegum ástæðum. Vegna þeirrar óvissu og erfiðleika sem steðjuðu að íslenska bankakerfinu og þar með Landsbankanum á þessum tíma var talið eðlilegt og nauðsynlegt að fulltrúi stærsta hluthafans í Landsbankanum væri til staðar og á vettvangi til að móta ákvarðanir sem stjórnendur bankans gátu ekki tekið einir. Það skýrir nærveru mína á fundum með stjórnvöldum þessa örlagaríku daga haustið 2008. Ég hef hins vegar séð eftir á að nærvera mín á þessum fundum og ítrekuð umfjöllun fjölmiðla um þá hefur vakið ranghugmyndir um afskipti mínum af rekstri bankans."

**DV:** *Hver var til dæmis aðkoma þín að láni Landsbankans til BeeTeeBee um sumarið 2008 sem notað var til að greiða Deutsche Bank upp í skuld vegna fjármögnunarinnar á Actavis-kaupunum? Um þetta atriði er til dæmis rætt í kafla 8.8. í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem kallast „Lánin flytjast heim". Þetta lán og viðbótin við það er veitt í aðdraganda hrunsins - viðbótin reyndar í hruninu þann 29. september 2008 - og svo virðist sem það hafi alls ekki þjónað hagsmunum Landsbankans þó að það hafi þjónað þínum hagsmunum. Hvernig vildi það til að Landsbankinn lánaði þessar upphæðir til þín á þessum tíma?*

**BTB:** „Fyrst má leiðrétta þann misskilning að lánið hafi verið veitt til að greiða Deutsche Bank afborganir vegna yfirtökunnar. Lánið var veitt til hlutafjáraukningar í Actavis, vissulega að kröfu Deutsche Bank, en samhliða jók þýski bankinn lánafyrirgreiðslu sína til Actavis til að gera félaginu kleift að standa í skilum.

Lánið var ekki veitt 29. september 2008, „í hruninu". Það var veitt fyrr á árinu og dregið á það í áföngum frá því í apríl, en lokagreiðslan af hálfu bankans var í september. Þetta var vissulega hátt lán, en á það ber að líta að Actavis var stærsta fyrirtæki landsins fyrir utan banka og ég var einn stærsti viðskiptavinur Landsbankans. Actavis lenti í vandræðum sem komu lánsfjárvandræðum ekkert við, heldur stöfuðu af mistökum í framleiðslu í einni af verksmiðjum félagsins í Bandaríkjunum. Þetta rekstrarlega óhapp var algjörlega ótengt fjármálamörkuðum að öllu leyti. Það dró hinsvegar mikinn dilk á eftir sér og olli samstæðunni miklu tjóni. Það þjónaði að sjálfsögðu hagsmunum Landsbankans, sem hluthafa og lánveitanda til Actavis, að styðja við bakið á þeim stóra viðskiptavini sem Actavis var og er raunar enn. Ég vil benda á að þær tryggingar sem lagðar voru fram fyrir þessu láni voru mjög traustar. Mér hefur virst að flestir sem býsnast yfir þessu láni geri sér ekki grein fyrir því mikilvæga atriði að allt bendir til að þetta lán verði gert upp að fullu."

**DV:** *Í skýrslunni er fjallað um önnur lán sem teljast óútskýrð samkvæmt nefndinni. Um þetta segir í skýrslunni: „Annar hluti af aukinni fyrirgreiðslu Landsbankans til Björgólfs Thors er óskýrður enda var fyrirgreiðslan veitt í gegnum félög í Lúxemborg og aðgengi að upplýsingum um lán veitt þar er takmarkað. Um er að ræða aukna fyrirgreiðslu til Novator International Holding Ltd., 6 milljarða króna, Novator Asset Management, 5 milljarða króna, og Novator Finland Oy, 7,8 milljarða króna. Einnig eru upplýsingar varðandi lánveitingar til Novator Pharma Holding takmarkaðar. Það eru því engar upplýsingar um tilgang þessara lánveitinga, tryggingar eða annað." Hvaða lán voru þetta og í hvað voru þau notuð?*

**BTB:** „Ég gerði grein fyrir þessum lánum og stöðu þeirra í yfirlýsingu sem ég sendi frá mér 19. apríl sl. og vísa til hennar. Í stuttu máli er staðan þessi: Lán til Novator International Holdings Ltd. var tryggt með handveði í peningafjárhæð í eigu félagsins inni á reikningi hjá Landsbankanum í Lúxemborg. Áhætta bankans vegna útlánsins er því engin. Lán til Novator Asset Management er tryggt með handveði í 20% eignarhlut mínum í eignastýringafélagi í London en það félag er ekki tengt mér með öðrum hætti. Unnið er að uppgjöri á láninu.

Varðandi lánið til Novator Finland Oy þá var það greitt að stórum hluta í mars 2008 og að fullu þann 2. júlí 2009, þegar undirliggjandi eignir höfðu verið seldar.

Í rannsóknarskýrslunni er af einhverjum ástæðum lagt að jöfnu það fé sem Landsbankinn lagði til eigin hlutafjárkaupa í Actavis og það fé sem bankinn lánaði. Novator Pharma félögin voru tvö, annars vegar félag um beina fjárfestingu Straums og Landsbankans í hlutafé Actavis Group. Þar var því ekki um lán að ræða. Novator Pharma Holdings 2 (sem heitir í raun Actavis Pharma Holdings 2 ehf.) fékk eingreiðslulán til 11 ára frá Landsbankanum. Lánið er í evrum og ber 23% vexti.

Þess ber að geta að þegar Actavis var tekið af markaði fékk Landsbankinn endurgreidd lán frá félaginu og einstaklingum sem voru með hlutabréf í félaginu fjármögnuð hjá bankanum. Landsbankinn ákvað að endurfjárfesta innan við helming af þeirri fjárhæð í Actavis í formi láns og hlutafjár, svo bankinn fékk verulegar upphæðir í sinn hlut í þessum viðskiptum."

**DV:** *Óttast þú skýrslu Deloitte þar sem fastlega má reikna með að fjallað verði um ofangreind atriði?*

**BTB:** „Nei, ég óttast ekki niðurstöður Deloitte."

**DV:** *Skilanefnd Landsbankans hefur gefið það út að nokkur mál hafi verið send til Fjármálaeftirlitsins og sérstaks saksóknara efnahagshrunsins. Veistu til þess að einhver þeirra mála sem þar um ræðir tengist þér? Hefur þú verið kallaður til skýrslutöku eða yfirheyrslu út af einhverjum málum, til dæmis Imon-málinu?*

**BTB:** „Ég vil ekki vera með einhverjar vangaveltur um hvaða mál er hugsanlega verið að rannsaka og hvort eitthvert þeirra tengist mér á einhvern hátt. Ég tel þó að svo sé ekki. Ég get hins vegar upplýst að ég hef ekki verið kallaður til neinnar skýrslutöku eða yfirheyrslu. Þá hafa mér heldur ekki borist neinar stefnur vegna einkamála. Ég var einu sinni kallaður til sérstaks saksóknara til að bera vitni í hinu svokallaða Imon-máli. Um það mál vissi ég ekkert annað en það sem fram hafði komið i fjölmiðlum."

**DV:** *Ertu í persónulegum ábyrgðum vegna útistandandi lána til þín, til dæmis hjá Landsbankanum og Straumi? Er þar af leiðandi hætta á því að lánardrottnar þínir muni reka þig í þrot persónulega?*

**BTB:** „Ég er í miklum persónulegum ábyrgðum, ólíkt öðrum stærstu viðskiptavinum gömlu íslensku bankanna, nema ef vera skyldi föður mínum. Ég hef alltaf lagt sjálfan mig að veði í viðskiptum og þótt það sjálfsagt. Núna vinn ég að uppgjöri skulda minna og mun gera betri grein fyrir því síðar þegar þau mál hafa skýrst. Ég hef áður sagt að þótt ljóst sé að mikill hluti eigna minna renni strax til lánardrottna muni ég jafnframt starfa í þeirra þágu um ókomin ár, þar til ég hef að fullu gert upp við þá. Ég ætla að borga upp allt sem ég skulda. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að ná að semja við lánardrottna. Þeir gætu vissulega gengið að mér og gert mig þar með gjaldþrota núna, en með því móti myndu þeir aðeins fá hluta af kröfum sínum greiddan. Ég vil semja um að borga allt."

**DV:** *Hversu mikið skuldar þú og félag í þinni eigu að öllu leyti eða að hluta til í erlendum bönkum? Þá á ég sérstaklega við Deutsche Bank og Standard í Suður-Afríku, sem ég reikna með að séu þínir helstu viðskiptabankar?*

**BTB:** „Liður í uppgjöri mínu við lánardrottna felst að sjálfsögðu í að skrá nákvæmlega núverandi skulda- og eignastöðu. Þeirri vinnu er ekki lokið og því get ég ekki tjáð mig um þetta að svo stöddu. Staða mín mun hins vegar skýrast innan skamms."

**DV:** *Áttar þú þig á því hvað þú átt mikla peninga? Hver er lausafjárstaða þín?*

**BTB:** „Nei, ég átta mig ekki fullkomlega á því. Staðan er óljós. Ég veit að ég á aðeins brotabrot af því sem ég átti áður. Ég á hins vegar möguleika á að komast aftur á gott skrið í viðskiptum. En það verða nokkuð mörg ár þar til það gerist og mikið af skuldum sem þarf að borga upp fyrst."

**DV:** *Sérðu fram á að missa eitthvað af innlendum eða erlendum eignum þínum eða félaga þinna í hendur lánardrottna þinna í veðköllum?*

**BTB:** „Allt frá hruninu hef ég unnið hörðum höndum að því að gera upp við lánardrottna og nú hillir undir að því uppgjöri ljúki. Mikill hluti eigna minna rennur til lánardrottna og ég mun jafnframt starfa í þeirra þágu um ókomin ár, þar til ég hef að fullu gert upp við þá. Ég ítreka að ég ætla að borga upp allt sem ég skulda."

**DV:** *Áttu einhverja fjármuni á reikningum í útlöndum? Ef já, þá hvar? Ef já við fyrstu tveimur liðum spurningarinnar áttu þá einhverja fjármuni á aflandseyjum eins og á Kýpur eða á Tortóla?*

**BTB:** „Ég á enga peninga á Kýpur eða á Tortóla. Í tengslum við yfirstandandi samninga við lánardrottna mína hef ég gert þeim grein fyrir öllum mínum eignum, þar með talið eigum og fjármunum félaga sem hafa lögfesti á svokölluðum aflandseyjum. Ég á félög sem skráð eru á Kýpur og Tortóla. Það hefur aldrei verið neitt launungarmál. Flestir þeir sem stunda alþjóðlegar fjárfestingar hafa átt félög á aflandseyjum, en það helgast fyrst og fremst af hagkvæmni við uppsetningu og rekstur slíkra félaga. Rétt er að benda á að bankareikningar aflandsfélaga, a.m.k. þeirra sem notuð eru í lögmætum tilgangi, eru nær alltaf í löndum sem eru ekki aflandseyjar. Hvað mig varðar þá voru viðskipti minna félaga nær eingöngu í Evrópu. Það eru því engir fjármunir á aflandseyjum. Hversu miklar eignir þessi félög eiga, þ.m.t. innistæður á bankareikningum í Evrópu, skýrist við skuldauppgjör mitt. Ég ítreka að lánardrottnar hafa að sjálfsögðu allan aðgang að þeim upplýsingum.

Ég minni á að Landsbanki Íslands og raunar einnig Búnaðarbanki Íslands hófu að veita íslenskum viðskiptavinum sínum aflandsþjónustu árið 1999, á meðan bankarnir voru enn í eigu ríkisins. Og þótti sjálfsagt, enda hvorki var né er neitt ólöglegt við slíkt. Núna er hins vegar gengið út frá því á Íslandi að notkun aflandsfélaga jafngildi lögbrotum. Þótt einhverjir hafi nýtt sér félög á aflandseyjum til verka sem ekki þola dagsljósið þá er ekki þar með sagt að allir séu því marki brenndir."

**DV:** *Heldur þú að þú munir ná að halda Actavis? Af hverju taka kröfuhafar þínir, eins og Deutsche Bank, félagið ekki af þér?*

**BTB:** „Já, ég reikna með að vera leiðandi hluthafi í Actavis áfram. Við síðari spurningunni er það einfalda svar að Deutsche Bank telur félaginu best borgið með mig við stjórnvölinn. Bankinn, sem tekur ákvarðanir sínar að sjálfsögðu aðeins út frá viðskiptalegum forsendum en ekki eftir því hvernig umræðan þróast á Íslandi, styður mig áfram til uppbyggingar á þessu öfluga fyrirtæki."

**DV:** *Hversu mikil eru viðskiptaumsvif þín í dag? Hefur þú farið út í einhverjar nýjar fjárfestingar upp á síðkastið? Ég heyrði ávæning af því að þú stæðir í fjárfestingum í einhverjum Afríkuríkjum sem eru sunnan Sahara? Er það rétt?*

**BTB:** „Viðskiptaumsvif mín í dag snúast um að hámarka eign lánardrottna minna og félaga sem ég stjórna. Umsvif mín hafa alltaf verið miklu meiri í útlöndum en heima. Ég auðgaðist á sölu drykkjarfyrirtækis í Rússlandi og síðar á miklum viðskiptum innan fjarskiptageirans, t.d. í Búlgaríu og Tékklandi, svo fátt eitt sé nefnt. Ég hef alltaf verið alþjóðlegur fjárfestir og hef skoðað fjárfestingatækifæri í nær öllum heimsálfum og mun halda því áfram. Ég tel ekki rétt að fjalla sérstaklega um einstök verkefni af því tagi, en get þó upplýst að ég er ekki að skoða nein verkefni sunnan Sahara. Ávæningur sá sem þú nefnir er gott dæmi um þær fjölmörgu flökkusögur sem ganga manna á milli og nákvæmlega enginn fótur er fyrir."

**DV:** *Ein mannleg spurning líka. Hvað viltu fá út úr framtíðinni? Sérðu fyrir þér að flytja aftur til Íslands?*

**BTB:** „Eitt af því sem atburðir síðustu ára hafa kennt mér er að ganga ekki að neinu vísu með framtíðina. Ég ætla að endurheimta mannorðið, það er fyrir öllu. Hvort mér lánast það getur tíminn einn leitt í ljós. Ég er mannlegur og mér skjátlast, eins og öðrum. En flestir eiga rétt á tækifæri til að bæta sig. Ég vil ekki að ættingjar mínir, fjölskylda og vinir verði fyrir ónotum mín vegna eða finnist slæmt að tengjast mér.

Ég flutti ungur til útlanda og hef í raun ekki búið á Íslandi frá því að ég

# VIÐ HRAÐANN“

hélt utan í háskólanám fyrir næstum aldarfjórðungi. Ég hef oft komið um jólin og verið einn mánuð að sumri og ég mun áreiðanlega halda slíkum heimsóknum áfram, enda á ég marga ættingja og vini á Íslandi.

Ég hef verið mjög metnaðarfullur. En ég áttaði mig á því, líklega 2007 eða 2008, að mesti óvinur minn væri hraðinn í lífi mínu. Ég réð ekki við hraðann og hann var orðinn svo mikill að mig var farið að skorta yfirsýn. Það fór að hafa áhrif á dómgreindina. Nú er ég búinn að hægja á og ég stefni ekki á sama stað og ég var á. Ég ætla mér ekki að verða umsvifamikill í íslensku atvinnulífi aftur.“

**DV:** *Hvernig hefur þér liðið í kjölfar hrunsins? Hefur þú verið niðurdreginn? Hefur uppgjörið við hrunið sett mark sitt á þig og fjölskyldu þína? Hvað finnst þér um umræðuna um hrunið heima á Íslandi?*

**BTB:** „Ég eins og margir aðrir hef þurft að takast á við margskonar erfiðleika vegna hrunsins sem hefur haft veruleg áhrif á mig, fjölskylduna mína, vini og samstarfsfólk. Þetta hefur tekið á og stundum verið erfitt. En ég eins og aðrir er að reyna að læra af þessu. Að svo stöddu tel ég ekki rétt að alhæfa um umræðuna um hrunið á Íslandi. Ég get hins vegar sagt það að ég hef saknað þess að sjá ekki meiri viðleitni til þess að bera saman Ísland og íslenska banka við önnur lönd og aðra banka bæði fyrir og eftir hrun. Mér finnst ég vera að læra einna mest af því.“

**DV:** *Hvernig líður föður þínum í kjölfar hrunsins? Hefur hrikt í ykkar sambandi eftir það?*

**BTB:** „Faðir minn er eins og margir að glíma við erfið mál. Við höfum alltaf haldið góðu sambandi jafnt í blíðu og stríðu og þar hefur ekki orðið breyting á.“

**DV:** *Hvernig verðu deginum um þessar mundir? Hvað gerir þú? Getur þú talið upp það helsta sem þú gerir?*

**BTB:** „Ég mæti til vinnu á skrifstofuna á morgnana og er þar fram undir kvöld. Starfsdagurinn fer í að gera upp mín mál eins og margoft hefur komið fram. Þar er fjölmarga hnúta að hnýta - langir fundir með samstarfsmönnum þar sem leitað er lausna og leiða og enn lengri fundir með lögfræðingum og öðrum fulltrúum banka. Einstaka sinnum kemst maður frá til annarra verkefna eins og að svara þessum spurningum.“

ingi@dv.is



**BJÖRGÓLFUR Í ÁBYRGÐUM** Björgólfur Thor segist vera í persónulegum ábyrgðum fyrir hluta þeirra skulda sem hann og félög hans eiga útistandandi. Hann segir að þess vegna verði hann að greiða þessar skuldir. Björgólfur var tíundi stærsti skuldarinn í íslenska bankakerfinu. MYND VB